Niðurstaða forsendunefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi aðildarfélaga ASÍ, BHM, BSRB og KÍ[1] vegna kjarasamninga aðila frá 2011

Viðbrögð við breytingu kjarasamninga á almennum markaði.

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og stéttar- og verkalýðsfélaga innan ASÍ, BHM, BSRB og KÍ, sem gerðir voru á árinu 2011, eru ákvæði um forsendunefndir aðila og skipan þeirra.

Þar sem breytingar á kjarasamningum á almennum markaði liggja fyrir samkvæmt samkomulagi milli ASÍ og SA um endurskoðun og framlengingu kjarasamninga aðila var forsendunefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og ASÍ, BHM, BSRB og KÍ kölluð saman þann 12.2.2013.

Forsendunefndin er sammála um eftirfarandi viðbrögð vegna breytinga á kjarasamningum á almennum markaði:

Stytting samningstíma flýting viðræðna um nýjan kjarasamning

Gildistími einstakra kjarasamninga aðila er mismunandi. Samningsaðilar eru hins vegar sammála um að stytta samningstíma gildandi kjarasamninga um sem nemur tveim mánuðum.

Viðbótarframlag í fræðslusjóði/starfsmenntasjóði eða styrktarsjóði/sjúkrasjóði

Aðilar eru sammála um að framlög til annað hvort fræðslusjóða/starfsmenntasjóða eða styrktarsjóða/sjúkrasjóða hækki í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015, sem útfært verður nánar í næstu kjarasamningum.

Bætt vinnubrögð við samningagerð

Samningsaðilar taka þátt í sameiginlegri vinnu aðila vinnumarkaðarins um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga.

Reykjavík, 13. febrúar 2013

F.h. ASÍ

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

F.h. BHM

F.h. BSRB

F.h. KÍ

[1] v. SÍ, FSL, FT og FL